



Reykjavík, 25. janúar 2024

MSS24010218

ep

## TILLAGA

**Viðtakandi:** Mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð

**Sendandi:** Fulltrúi Sósíalístaflokks Íslands

### ***Fundur mannréttinda- og ofbeldisvarnarráðs 25. janúar 2024: Tillaga um breytta verkferla í skólum/ leikskólum vegna gruns um ofbeldi***

Lagt er til að mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð beini því til skóla og frístundaráðs að verkferlar skóla og frístundaráðs vegna ofbeldis innan skóla/leikskóla/frístundar verði uppfærðir í samræmi við 3. 4. og 19. gr. Barnasáttmála Sameinuðu Þjóðanna og í samræmi við áður framkominnar ábendingar í úttektum borgarinnar um að endurskoða þurfi verkferil og leiðbeiningar vegna óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni Það er gríðarlegt valdajafnóvægi á milli leikskólabarna og leikskólakennara (faglegur eða ekki) og tryggja þarf að börn njóti alltaf vafans þegar upp koma mál sem varða, hvort heldur kynferðisbrot eða líkamlegt ofbeldi, í leikskóla eða skóla. Benda má í því samhengi á gildandi lög. sbr. ákvæði 3.gr.laga nr.19/2013, lög nr. 80/2002, lög nr. 76/2003 svo einhver séu nefnd. Það er brýnt að verkferlar gildi jafnt um kynferðisbrot eins og annað líkamlegt ofbeldi og það er mikilvægt að tryggja að stjórnendum skólanna sé ekki falið að miðla málum eða nálgast barn um ofbeldi sem það hefur hugsanlega verið beitt af undirmanni stjórnandans og stjórnandi ber því ábyrgð á, heldur sé tryggð aðkoma fagfólks að málum.

#### **Greinargerð:**

Samkvæmt samþykktum skal mannréttinda- og ofbeldisvarnarráð móta stefnu og hafa eftirlit með því að samþykktum og stefnumörkunum á verksviði ráðsins sé fylgt. Ráðið stóð fyrir úttekt ofbeldisvarna þar sem fram kom að áður nefndir verkferlar þarfnist rýningar en nú hálfu ári síðar er staðan enn við það sama.

- Ljúka þarf innleiðingu nýrra verkferla um viðbrögð við tilkynningum um óviðeigandi framkomu starfsmanns gagnvart barni og tryggja að tilkynningar sem berast á meðan breytingar standa yfir fái viðeigandi málsmeðferð.
- Við endurskoðunina þarf að samræma verklag vegna gruns um líkamlegt ofbeldi og grun um kynferðisbrot, sem dæmi má nefna að „ef grunur er um kynferðisbrot starfsmanns ber stjórnanda að tryggja að starfsmaður sé ekki að störfum á meðan mál er til rannsóknar“ sem ætti að sjálfsögðu einnig að eiga við um annarskonar ofbeldi þar sem börn eiga í hlut.
- Umsögn lögreglu:  
*Það er álit lögreglu að enginn munur eigi að vera á viðbragði leikskóla og skóla hvort sem grunurinn beinist að líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi. Eina*



**Reykjavík**



*undantekningin á þessu væri þegar meintur brotapolí og meintur gerandi eru báðir nemendur og þ.a.l. báðir ósakhæfir.*

- Ofbeldi hefur langvarandi áhrif á þann sem fyrir því verður eins og við vorum áminnt um nú síðast í kynningu Bjarkarhlíðar en vert er að minna á að í dag er einnig vitað að ofbeldi og áföll erfast.
- Ekki er gert ráð fyrir því að til staðar séu ráðgjafar eða stuðningsteymi í núverandi ferlum heldur er stjórnendum einum uppálagt að skilgreina mál og ákveða viðbrögð í kjölfarið.
- Eftir að ákveðið var að barnavernd sé ekki lengur með aðkomu að ofbeldismálum sem eiga sér stað innan skóla og leikskóla, er óljóst hvert hægt er að leita, uni forráðamaður ekki ákvörðun stjórnanda um hvernig tekist er á við mál er varða börn þeirra.

